

Reykjavík, 27. mars 2017  
R17030237  
5252

Borgarráð

***Útboð á ytri endurskoðunarþjónustu***

Lagt er til að borgarráð samþykki að fela innkaupadeild að hefja samantekt gagna til undirbúnings útboðs á ytri endurskoðunarþjónustu í samvinnu við stjórnir félaga innan samstæðu Reykjavíkurborgar í samræmi við fyrirbyggjandi bókun endurskoðunarnefndar í máli IE13040001.

Dagur B. Eggertsson

Hjálagt:

Mál: IE13040001 um útboð á ytri endurskoðunarþjónustu, dags. 14.3.2107.

Skrifstofa borgarritara og borgarstjóra  
Stefán Eiríksson, borgarritari  
Tjarnargötu 11  
101 Reykjavík

Efni:

**Útboð á ytri endurskoðunarþjónustu.**

Á 124. fundi endurskoðunarnefndar hinn 13. þ.m. var fjallað um útboð á ytri endurskoðunarþjónustu fyrir Reykjavíkurborg og dótturfélög innan samstæðu Reykjavíkur. Eftirfarandi er bókun endurskoðunarnefndar sem óskað er eftir að verði til umfjöllunar á næsta aðalfundi félagsins.

*Gildistími verksamnings dags. 22. janúar 2014 milli Reykjavíkurborgar og eininga sem teljast til B-hluta í samstæðu borgarinnar skv. 2. tl. 60. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 annars vegar og endurskoðunarfyrtækisins KPMG hins vegar um endurskoðunarþjónustu rennur út í árslok 2017. Endurskoðunarnefnd vekur athygli á því að borgarráð fyrir hönd Reykjavíkurborgar og stjórnir félaga innan samstæðu Reykjavíkurborgar sem eru aðilar að verksamningi þessum þurfa að taka ákvörðun á komandi aðalfundum um að efna til útboðs að nýju á endurskoðunarþjónustu fyrir þessar einingar svo hefja megi endurskoðun í ljósi þess að verksamningur þeirra við KPMG rennur út með endurskoðun ársreiknings 2017.*

e.u.



Hallur Símonarson

Samrit:

Gísli Gíslason, Faxaflóahafnir sf.  
Auðun Freyr Ingvarsson, Félagsbústaðir hf.  
Halldór Torfason, Malbikunarstöðin Höfði hf.  
Bjarni Bjarnason, Orkuveita Reykjavíkur sef.  
Jón Viðar Matthíasson, Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins bs.  
Björn H Halldórsson, Sorpa bs.  
Jóhannes Rúnarsson, Strætó bs.